

Pési



Lesið þetta

- Náttúruhamfarir
- Fréttir frá skrifstofu
- Auglýsingar
- Fræðslunefnd
- Bingó

Næsti Pési kemur út 13. nóv. Skil á efni er 10.nóv

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	3
Gjöf	5
Eldri Hrunamenn	8
Körfuboltinn	15
Bókasafnið	17

Okt 2008

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Ísólfur Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

18. árgangur. 220. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Ánægjuleg kveðja

Ingibjörg Kristleifsdóttir, varaformaður Félags leikskólakennara sendi okkur ályktun frá félaginu. Með ályktuninni var ánægjuleg kveðja. Kveðjan er eftirfarandi: „Samninganefnd FL kom að Flúðum um daginn og fengum við að heimsækja leikskólann. Þar var höfðinglega tekið á móti okkur og vorum við sammála um að þarna hefði verið gott að koma. Vel búinn og fallegur leikskóli og metnaðarfullt skólastarf í sterkum tengslum við umhverfið. Til hamingju með það og gangi ykkur áfram vel“. Það er ánægjulegt að fá slíka kveðju. Ályktun Félags leikskólakennara fólst í rétti barna að njóta áhyggjulausrar bernsku. Ályktunin hefur verið lögð fram í hreppsnefnd Hrunamannahrepps.



Ömmu og afa dagar í Leikskólanum

Ljós.. SigSigm



Steinar í Auðsholti í Hrunaréttum

Ljós.. SigSigm

Náttúruhamfarir af mannavöldum!

Við Íslendingar höfum lifað ótrúlega tíma á undanförunum vikum. Talað hefur verið um náttúruhamfarir af mannavöldum. Sumir hafa líkt tilfinningunni eins og um einskonar stríðstíma sé að ræða. Hrun efnahagskerfis okkar og reyndar margra annarra landa á sjálfsagt eftir að draga dilk á eftir sér og verða til þess að breyta hugsunarhætti, verðmætamati og hagsæld þjóðarinnar. Strax þegar ljóst var að hverju stefndi lagði undirritaður leið sína í skólann og leikskólann og ræddi við skólastjórnendur og kennara. Lögð var áhersla á samstöðu okkar allra og að við yrðum að standa á bremsunum hvað útgjöld varðar þar sem enn er ekki útséð, hvernig efnahagsmál okkar þróast. Langstærsti útgjaldaliður sveitarfélagsins fer til menntamála eins og reyndar hjá flestum öðrum sveitarfélögum. Versta staða sem gæti komið upp er ef við gætum ekki greitt út laun. Því margfeldisáhrifin af slíku yrðu ólýsanleg. Það bendir ekkert til þess á þessari stundu að slíkt gerist. Víst er að við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að nærumhverfi okkar gangi með sem eðlilegustum hætti. Aldrei hefur verið boðað að laun yrðu ekki greidd um næstu mánaðarmót það vita þeir sem hlýddu á mál mitt. Í dag hefur Samband íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga boðað til funda þar sem rætt er um framvindu mála og á hvern hátt þessar stofnanir búa sig undir framtíðina. Þó að ástand efnahagsmála þjóðarinnar sé með eindæmum og óvissan mikil um þessar mundir megum við ekki örvænta.

Við værum illa sett ef óheftur innflutningur landbúnaðarafurða hefði verið leyfður. Hér í hreppnum er vagma fjölbreyttrar landbúnaðarframleiðslu. Við værum einnig verr sett ef Íbúðalánasjóður hefði verið lagður niður og bankarnir hefðu yfirtekið reksturinn. Við eigum dýrmæt fiskimið og þjóðarbúið hefur tekjur af álframleiðslu, hvaða skoðun sem við höfum á slíkum iðnaði. Þegar hefur verið blásið til sóknar í ferðapjónustunni enda einstaklega hagstætt fyrir útlendinga að ferðast til Íslands um þessar mundir. Í þessum mannlegu náttúruhamförum erum við minnt á að peningarnir eru ekki allt þó þeir séu nauðsynlegt afl. Vonandi skýrast þessi mál öll á allra næstu dögum og vikum því óvissan fer illa með fólk. Samstaða þeirra sem fara með stjórn landsins er siðferðislega nauðsynlegt. Ósamstaða leiðir til ringulreiðar og óöryggis. Þegar ólgusjóinn lægir geta menn farið að velta fyrir sér hverjir beri ábyrgð á hamförunum, hverjir eigi að víkja eða hverjir hafa svikið þjóðina. Í dag skiptir öllu máli að reyna að halda ró sinni, huga vel að fjölskyldunni og treysta á að ólgusjó efnahagslífsins lægi fyrr en síðar.

Ísólfrur Gylyfi Pálmason,
Sveitarstjóri.

Gengið í skólann!

Skólinn okkar er lifandi stofnun eins og vera ber. Í síðustu viku var í gangi sérstakt verkefni sem nefnist „Gengið í skólann“. Það er fólgið í því að hvetja nemendur og kennara til þess að ganga í skólann. Víst er að mikil og góð þátttaka var þegar nemendur og kennarar gengu fram að Markamýrarkletti og ástæða til þess að hvetja alla þá sem eiga möguleika á að ganga í skólann eða vinnuna eða hjóla meðan veðrið leyfir það.

Sr. Eiríkur blessar nýja handmenntahúsið

Áður en nemendur og kennarar lögðu upp í gönguna að Markamýrarklettinum var hið nýja handmenntahús tekið í notkun. Séra Eiríkur Jóhannsson prestur í Hruna blessaði bygginguna og benti á hve vel væri búíð að handmenntakennslu við Flúðaskóla. Það var myndarlega að þessari stund staðið af hálfu skólans en henni lauk með því að nemendur sungu hinn ágæta skólasöng. Bæði lagið og textinn er eftir Möggu Brynjólfsdóttur frá Túnsbergi. Árni Þór Hilmarsson lék undir á gítar. Nemendum og kennurum er óskað til hamingju með þessa nýju aðstöðu. Það er einnig samdóma álit fólks að húsið sé vel staðsett framan við íþróttahúsið og margir hafa að orði að það sé eins og það hafi alltaf verið þarna.

Hér birtist skólasöngurinn!

Í Flúðaskóla viljum við öll vera
og vandlega að nema okkar kver,
þar er virðingin við völd,
vitneskja á okkar öld,
verður þar sem stórum barnahópum ber.

Viðlagið er:

Þetta er skólinn minn, þetta er skólinn minn,
Á Flúðum stendur skólinn minn.

Öflugur Kirkjukór Hrunaprestakalls!

Oft hefur verið nefnt hér í Pésanum hið öfluga kórastarf sem er hér í uppsveitum Árnassýslu. Það er mikilvægt að eiga traustan og öflugan kirkjukór sem syngur jafnt á sorgarstundum sem og við hátíðleg tækifæri. Um síðustu helgi efndi kórinn til sönghátíðar í Félagsheimili Hrunamanna. Þar var gestakórurum boðin þátttaka og þar voru m.a. Kvennakórinn Ljósbrá, Kirkjukór Stóra Núps prestakalls, Uppsveitasystur og Vörðukórinn. Góður rómur var gerður að sönghátíðinni sem tókst í alla staði hið besta.

Hrunamannahreppi berst einstök gjöf

Þegar sr. Jón Jónsson Thorarensen sem þjónaði hér í hreppnum og bjó í Hruna flutti til Reykjavíkur árið 1941 gaf söfnuðurinn prestinum glæsilegt listaverk eftir Einar Jónsson frá Galtafelli sem nefnist „Einbúinn í Atlandshafi“. Þetta var svo sannarlega rausnarleg gjöf eftir einn fremsta listamann þjóðarinnar. Langt er um liðið og fáir sem rifjað hafa þetta upp. Það gerðis hins vegar fyrir skömmu að afkomendur Sr. Jóns höfðu samband við sveitarstjóra og vildu að gjöfinni yrði fundinn staður í Hrunamannahreppi á ný eftir öll þessi ár. Þeir félagar sveitarstjórinn og veitustjórinn óku rakleitt til Reykjavíkur og var afhent listaverkið sem nú er á skrifstofu hreppsins við Akurgerði 6. Hér er um einstakt verk að ræða og verður því fundinn verðugur staður. Þetta minnir okkur einnig á hve stolt við megum vera af hinu fallega verki Einars Jónssonar „Öldu aldanna“ sem prýðir Flúðir og Hannes Bjarnason átti hvað stærstan hlut í að komið var upp hér með aðstoð margra góðra manna og kvenna. Einnig má ekki gleyma framtaki Bjarna Stefáns-sonar sem stóð fyrir endurnýjun hins merka sumarhúss Einars Jónssonar í Galtafelli en sá bústaður var reistur 1923 en Bjarni lét endurnýja hann á áttunda áratugnum.

Leiðréttingar

Tvennt sem nauðsynlegt er að leiðrétta frá útgáfa síðasta Pésa sem kom út í september. Fyrra er að þegar skrifað var um hinar duglegu konur í hreppnum sem hafa verið að ljúka prófgráðum og eru starfsmenn okkar í leikskólanum og grunnskólanum. Þegar skrifað var um prófgráðu Ernu Óðinsdóttur þá var hún að ljúka kennararéttindum í grunn- og framhaldsskóla. Um leið og við óskum Ernu til hamingju með prófið biðjum við hana afsökunar á að hafa nefnt ranga prófgráðu í fyrri upptalningu. Við njótum starfskrafta Ernu í Flúðaskóla og erum þakklát fyrir. Seinni leiðréttingin tengist vatnsmagni og hita úr borholunni við Skarðás í landi Kópsvatns 1. Það er talað um að holan hafi mest gefið 90 sek. l. af 150°heitu vatni. Þessi mæling er ekki talin byggja á nægjanlega traustum grunni en eðlilegra sé að tala um 70 sek.l. og 130°. Þessar niðurstöður eru þó ekki endanlegar.

Körfuknattleiksmenn í stuði

Óhætt er að segja að mikill kraftur er hér í íþróttalífi í hreppnum. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að meistara-flokkur karla keppir í 1. deild á keppnistímabilinu 2008 til 2009. Þeir hafa ráðið til sín ungan erlendan þjálfara og leikmann Caleb Holmes að nafni. Hrunamenn gerðu sér lítið fyrir og unnu sinn fyrsta leik í deildinni við Ísfirðinga. Það er svo sannarlega vel af sér vikið. Næsti leikur er hér föstudaginn 24. október en þá keppa heimamenn við Hauka. Körfuknattleiksdeildin efnir til bingós í Félagsheimilinu í kvöld föstudaginn 17. október. Allir þeir sem vettlingi geta valdið eru hvattir til þess að mæta og spila bingó þar eru víst margir spennandi vinningar!

Samvinna Hrunamannahrepps og körfuknattleiksmanna

Þjálfari Hrunamanna Caleb Holmes mun búa í íbúð í eigu Hrunamannahrepps við Vesturbrún 2. Lagtækir körfuknattleiksmenn hafa endurnýjað íbúðina en skipt hefur verið um gólfefni, innréttingu o.fl. Körfuknattleiksdeildin leggur fram vinnu við endurnýjunina en hreppurinn leggur til efni. Það er gaman að fylgjast með þessu unga og áhugasama fólki og margt hægt að gera þegar viljinn er fyrir hendi. Samvinna af þessum toga skiptir miklu máli fyrir samfélagið. Rifja má upp að knattspyrnudeildin lagði á sig mikla vinnu þegar komið var upp sparkvellingnum sem löngu hefur sannað gildi sitt. Hið góða starf hins 100 ára gamla Ungmennafélags Hrunamanna er ómetanlegt og hefur mikið forvarnargildi.

Listaverki frestað

Helgi Gíslason, listamaður hefur unnið að undirbúningi nýs listaverks sem sett verður upp í lystigarði á Flúðum í fyllingu tímans. Hins vegar hefur verið ákveðið að fresta frekari vinnu við listaverkið um tíma þar sem ljóst er að nauðsynlegt er að nýta peninga sem fara áttu til uppbyggingar listaverksins til annarra verkefna á þessum óvissutímum.

Þroskandi uppeldisstarf á leikskólanum

Í haust hafa forsvarsmenn leikskólans okkar lagt áherslu á kenna börnunum á hvern hátt er hægt að nýta afurðir náttúrunnar. Þannig var börnunum m.a. boðið að Efra Seli þar sem börnin tíndu rifs- og sólber meðfram brautunum á golfvellingum. Í framhaldi af þessu var sultað og börnin færðu foreldrum sínum afrakstur erfiðisins. Einnig voru settar niður kartöflur í vor en einhverra hluta vegna varð uppskerubrestur eins og stundum vill verða hjá ræktendum. Hins vegar tókst kartöfluræktunin vel á síðasta ári. Allt þetta starf er mjög mikilvægt og er þroskandi og skemmtilegt fyrir börnin og opnar augu þeirra fyrir auðlindum náttúrunnar og hvernig er hægt að nýta gjafir hennar. Gamalt máltæki segir: „Lengi býr að fyrstu gerð“ og á það vel við í þessu sambandi.

Ýmislegt spennandi í deiglunni

Ýmislegt spennandi er í deiglunni hér þrátt fyrir óvissutíma. Þannig eru þeir bræður, félagar og frændur Guðmundur og Árni Hjaltasynir ásamt með Páli Guðmundssyni með spennandi framtíðarhugmyndir um íbúðahúsaðhverfi í landi Sunnuhlíðar en fyrirtæki þeirra nefnist Byggð á Bríkum ehf. eins og áður hefur komið fram. Þá hafa margir sýnt hinni nýju borholu okkar í landi Kópsvatns 1 mikinn áhuga og velt fyrir sér á hvern hátt hægt verður að nýta sem best þessa miklu auðlind. Þekktur arkitekt hefur sýnt Högnastaðaásnum mikinn áhuga og hefur háleitar hugmyndir um sérstök hús á þessu svæði m.a. úr límré. Þannig eru einnig hluthafar í Á seyði ehf. að undirbúa uppbyggingu veiðihúss við Heiðarvatn. Ýmislegt fleira hefur verið í pípunum, nú er bara að vita hvernig framvinda efnahagsmála þjóðarinnar verður. Framvinda mála og framtíðin veltur á því.

Fréttir frá Félagi eldri Hrunamanna

Félag eldri Hrunamanna var stofnað 1984 . Markmið félagsins er m.a. að stuðla að velferðarmálum eldra fólks, skipuleggja og framkvæma félags og tómstundastarf og annað sem til hagsbóta kann að vera í málefnum eldri borgara.

Við lítum til baka til s.l. vors. Sumarferðin var að þessu sinni til Færeyja 6 daga ferð. Fararstjóri var Jóhannes Sigmundsson.

Í lok apríl var farið í eins dags ferð i Mosfellsbæ, komið var m.a. að Gljúfrasteini.

Í ágúst bauð Kvenfélagið okkur í dagsferð um Suðurnes.

Í apríllok þegar vikulegum samverustundum okkar í kjallaranum að Heimalandi lauk, hófust þess í stað vikulegar gönguferðir og þútt á Selsvelli á þriðjudögum í júní og júlí, eins og nokkur síðustu ár

Vetrarstarfið í kjallaranum hófst svo á ný 30. september sl.

Þær breytingar eru að bókbandið verður kennt á mánudögum frá 13-17 í stað þriðjudaga, þar sem það er eini tíminn sem Árni Magnús hefur vegna atvinnu sinnar. En að sjálfsögðu er fólki velkomið að nýta sér aðstöðuna á þriðjudögum líka.

Þorbjörg Grímsdóttir, sem verið hefur leiðbeinandi í kjallaranum í mörg ár, hefur látið af störfum og eru henni færðar miklar þakkir fyrir gott og farsælt starf. Góðra er ávallt saknað. En alltaf kemur maður í manns stað, Sigríður Guðmundsdóttir tekur við af Systu, og væntum við sannarlega góðs af henni.

Opið hús er alltaf fyrsta fimmtudag í mánuði, í stað þess nú í október er áætlað að fara í Borgarleikhúsið og sjá Fló á skinni við náðum í 44 miða sem seldust upp á örskömmum tíma.

ATHUGIÐ

Farið verður með rútu frá Flúðum (Félagsheimili að austanverðu) kl 18.00

miðvikudaginn 22. október.

Verð leikhúsmíða er kr. 2.780 pr. mann.

Það er fleira á döfinni.

LÍNUDANS! LÍNUDANS!

Holl og góð hreyfing skemmtileg tónlist s.s. hressandi fyrir líkama og sál.

Kennslan hefst þriðjudaginn 21. okt kl. 17.00 í Golfskálanum Efra– Seli.

Allir sextú ára og eldri velkomnir.

Mætum sem flest og eigum skemmtilega samverustund.

Leiðbeinendur Ásta Guðný og Halldór.

Kæru sveitungar.

Við minnum á þriðjudagana í kjallaranum. Þar er fönðrað, þrjónað,saumað, spilað, bundnar inn bækur og blöð og ekki síst notið samveru og drukkið kaffi saman. Kjallarinn er okkar félags og upplýsinga miðstöð og þar sannast að maður er manns gaman.

Stjórn félagsins skipa.

Guðbjörg Björgvinsdóttir form. sími: 486-6670

Loftur Þorsteinsson gjaldkeri sími 486-6715

Anna Matthíasdóttir ritari sími 486-6614

Meðstjórnendur eru:

Eiríkur Þorgeirsson sími 486-6545

Helga Magnúsdóttir sími 486-6732

Spjallfundir

Byrjum aftur með sjálfshjálparhópinu í safnaðarheimilinu í Hruna á þriðjudögum kl 20:30.

Sjálfshjálparhópur er hópur fólks sem deilir svipaðri lífsreynslu. Í slíkum hópi skapast oft sérstakt andrúmsloft samkenndar, skilnings og öryggis. Það að deila reynslu og vonum gerir fólki kleift að sýna gagnkvæman stuðning og gefa góðar ráðleggingar. Hugmyndafræðin að baki byggir á sjálfshjálpi með samhjálp. Lögð er áhersla á samkennd, virðingu, að miðla reynslu, að hlusta og að eiga góða stund saman. Hver meðlimur hópsins ber ábyrgð á því að halda hópnum gangandi og að spjara sig sjálfur. Í sjálfshjálparhópi eru allir jafnir - allir meðlimir hópsins búa yfir einhverskonar þekkingu sem nýtist við að taka á sameiginlegum viðfangsefnum. Í hópnum finnur þú tilfinningalegan stuðning, upplýsingar, ráðgjöf og vináttu. Fólk hittist á jafningjagrundvelli og allar upplýsingar sem koma fram innan hópanna eru trúnaðarmál.

(<http://www.gedhjalp.is/content/view/43/100/>)

Ef óskað er nánari upplýsinga má hafa samband á netfangið sjalfshjalp@visir.is

Frá Fimleikadeild UMFH

Því miður fengum við ekki þjálfara núna í haust en við vinnum að því hörðum höndum að finna þjálfara, sem gæti þá komið inn um áramót. Ef þið vitið um einhvern sem hefur áhuga þá endilega látið stjórn fimleikadeildarinnar vita. En í henni eru Valný Guðmundsdóttir, Ingibjörg Steinþórsdóttir og Halldóra Hjörleifsdóttir.

Kveðja Stjórn fimleikadeildar UMFH

Frá Ungmennafélagi Hrunamanna

UMF. Hrunamanna vill þakka þeim er mættu á Álfaskeið þann 16. ágúst til að samfagna 100 ára afmælisári þess.

Vonum við að ungir jafnt sem aldnir hafi haft gaman að því að eiga saman dagstund á þessum fallega stað.

Einnig viljum við þakka þeim er styrktu hátíðina:

Flúðaleið fyrir afnot og vígslu á glænýrri Volvo bifreið þeirra,

Árna Hjaltasyni fyrir lán á hljóðkerfi,

Versluninni Strax á Flúðum fyrir kol á grillið,

Gröfutækni fyrir lán á grillinu,

Ragnari í Birtingaholti fyrir sandpoka

og Jóni Viðari í Dalbæ fyrir ýmis landbúnaðartæki og heyrúllur.

Einnig þökkum við Kvenfélagi Hrunamannahrepps fyrir að hafa staðið veitingavaktina með sóma.

Sérstakar þakkir færum við þeim aðilum er færðu okkur gjafir í tilefni afmælisins, Hrunamannahrepp sem gaf 100 þúsund krónur, Kaupþing banka sem gaf 50 þúsund krónur og HSK sem gaf gestabók og bikar.

Heiðursgestinum Jóhannesi Sigmundsyni færum við sérstakar þakkir fyrir skemmtilega og fróðleiksríka tölu og syni hans Sigmundi fyrir afnotin af svæðinu og hestagerðið sem að hann setti upp í tilefni hátíðarinnar.

Stjórn UMFH

Haustfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps – súpufundur J .

Haustfundur félagsins verður haldinn á Kaffi – Grund, sunnudaginn 19. október kl. 20.00.

Fundurinn hefst með súpu og brauði en síðan verður farið yfir starf sumarsins og hvað framundan er í vetrarstarfinu. Að því loknu býður félagið fundarkonum upp á **bingó** þar sem fjöldi skemmtilegra vinninga er í boði, sem henta alveg sérstaklega fyrir konur á öllum aldri. Mætum keikar og bjartsýnar til haustfundar og leggjum drög að áframhaldandi uppbyggjandi starfi Kvenfélags Hrunamannahrepps.

Nýir félagar ávallt velkomnir.

Vinsamlegast athugið að verða á súpu og brauði er kr. 690.-.

Með kveðju frá stjórn og meðstjórnendum

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hruna-
mannahreppur.

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskups-
tungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar

Frá Fræðslunefnd

Nú eru skólarnir okkar komnir á fullt og er óhætt að segja það að starfið þar fer vel af stað.

Við erum einstaklega heppin með starfsfólk og eru allar stöður hjá okkur vel mannaðar .

Ýmsar lagfæringar hafa verið gerðar á grunnskólahúsnaði , svo sem þússun á gólfi í kennslugangi og stækkun á rými fyrir frímínútna- og félagastöðu .

Ný skólastofa, sem notuð verður til smíðakennslu, hefur verið tekin í notkun og óska ég okkur öllum til hamingju með hana.

Þrátt fyrir að margt hafi verið gert þetta árið þarf húsnaði Flúðaskóla heilmikils viðhalds við og verður það gert á næstu árum.

1.júlí tóku í gildi ný lög vegna leik-grunn- og framhaldsskóla og erum við nú hægt og bítandi að færa skólalaldið í samræmi við þau. Síðustu vikur hafa fulltrúar fræðslunefndar verið á kynningarfundum varðandi þau málefni og hafa þar verið kynntar þær nýjungar sem löggin fela í sér.

Í vor var ákveðið að hefjast handa við skólastefnu Hrunamannahrepps. Í vinnunefnd sem skipuð var, verða, einn fulltrúi Flúðaskóla, einn fulltrúi Undralands, einn fulltrúi foreldra og svo fræðslunefnd. Einnig stefnir nefndin að því að fá til samráðs við sig alla þá, í samfélaginu, sem áhuga hafa á skólamállum. Stefnumótunarvinna sem þessi er viðmikið verkefni og vonumst við til að með henni verði til góð framtíðarsýn um skólamál í Hrunamannahreppi.

Að lokum vill fræðslunefnd svo þakka þeim sem tóku undir hvatningu hennar, um að fjölga börnum í sveitinni en heyrst hefur af þó nokkrum krílum á leiðinni.

Allar fundargerðir fræðslunefndar er hægt að nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins , www.fludir.is.

Fyrir hönd fræðslunefndar
Halldóra Hjörleifsdóttir form.

Bændur Athugið



Höfum á boðstólum mjólkurduft og start-kjarn-fóður fyrir ungfálfa, og framhaldsfóður fyrir 45 daga til 6 mánaða gamla kálfa.

Eigum alltaf til súrdoðabryjótinn Propylenglycol á lager.

Landstólpi ehf
Gunnbjarnarholti
480-5600
www.landstolpi.is



ÍSSKÁPUR

Okkur bráðvantar ísskáp!-
Á einhver ísskáp til að lána okkur í
Körfuboltadeildinni í 6 mánuði?
Upplýsingar hjá Stínu 844 8211



Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur Löggitur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Körfuboltafréttir

Æfingar hafa verið í fullum gangi frá því í ágústlok. Nú er komið að innheimtu æfingagjalda. Sú ákvörðun hefur verið tekin að æfingagjöld verða innheimt í íþróttahúsinu dagana 20. 21. og 22. október.

Verðskrá:

Minnibolti 11.000 kr á önn.

7.-10. Flokkur 13.000 kr önn.

Meistaraflokkur 20.000 á önn

Veittur er systkinaafsláttur:

25% fyrir annað barn

50% fyrir þriðja barn

Fritt fyrir fjórða, fimmta og sjötta barn **J**

Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að fólki gefst kostur á að greiða báðar annirnar og fá þá 10% afslátt af æfingagjöldum.

Greiðsla er aðgangsmiði að æfingum **J**

Áfram Hrunamenn!

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga: 16:00-21:00

Laugardaga: 10:00-18:00

Sunnudaga: 13:00-18:00

Skrifstofa Hrunamannahrepps

Opnunartími hreppsskrifstofu

Mánudaga til föstudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

VIOLA snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði

Andlitsbað Húðhreinsun

Litun og plokkun Handsnyrting

Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir

Tímabantanir í síma 566-8342

og 856-1599(Hlíf)

Er að leita mér að vinnu hálfan daginn.

Vigdís s: 861 6652

Kjallarafbúð til leigu.

Upplýsingar hjá Eiríki
Kristni í síma 894 1106

Taktu þér tak með
Herbalife.

Hringdu og fáðu frían
prufupakka

Eva Marín Hlynsdóttir
Sjálfstæður dreifingar-
aðili Herbalife.

silja1@simnet.is / 892

16

6728



í síma:

Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hruna-
manna

Vinsamlegast pantið tíma
486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

BINGÓ

Nú er komið að okkar árlega körfubolta-
bingói. Í ár eru vinningarnir glæsilegri en
nokkru sinni fyrr (engin kreppa hér á ferð
J). Bingóið verður haldið í Félagsheimili
Hrunamanna 17. Október kl 20:00.

Mætum öll og eigum notalega
kvöldstund saman.

Stjórnin



Frá Bókasafni Hrunamanna

Opnunartími safnsins er:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

ATHUGIÐ: LOKAÐ FIMMTUDAGINN 30. OKTÓBER

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Aðgangur að tölvu fyrir almenning gegn vægu gjaldi.

Vinsamlegast munið að skila bókum.

Lestrarstund er gæðastund – Sjáumst á bókasafninu **J** !

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://www.fludir.is/bokasafn1/>

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Skútuvogi 13
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Skútu-
vogi 13. sími: 533 2211. Mánu-
daga til föstudaga kl. 13:00, Á
Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán





Frá víslu nýja smíðahússins við Flúðaskóla

Ljósm: SigSigm

HREPPAKAPPAR

WWW.HREPPAKAPPAR.IS

Aðalfundur Hreppakappa verður haldinn á Útlaganum
laugardaginn 25. október klukkan 14:00.

Venjuleg aðalfundarstörf
og myndbandaeyning

Stjórnin



Íslandsmeistarar í 7 manna bolta, 3..flokki

Ljósm. SigSigm



Frá konukvöldi á Grund 3.okt sl.

Ljósm. SigSigm